

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi miðsvæðis Flúða, Vinaminni.*
Í breytingunni felst að markaðar eru tvær lóðir, Vinaminni 1 sem verður 2.074 m² og Vinaminni 2 sem verður 2.017 m². Á lóðinni Vinaminni 1 er þegar byggt íbúðarhús. Hámarksnýtingarhlutfall lóðanna er 0,3 og mesta hæð mænis er 9 m frá fullfrágenginni lóð. Samþykkt í sveitarstjórn 6. janúar 2010.
2. *Breyting á deiliskipulagi tjald- og þjónustusvæðis á Flúðum, færsla stofnvegur.*
Í breytingunni felst að þjóðvegurinn sem nú liggur við efri mörk skipulagssvæðisins færist til suðurs inn á núverandi tjald- og þjónustusvæði þannig að þjónustusvæði verður norðan vegar og tjaldstæði sunnan vegar. Þá breytist einnig lega aðkomuvega og stíga á svæðinu. Samþykkt í sveitarstjórn 20. desember 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 28. febrúar 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. mars 2011